

- 104** við íbúðarhús prestssetursins innan ákveðins tíma. Með því nú að jeg verð að vera yður
 16. sept. ur samdóma um þetta, er Sauðanessprestakalli hjer með veitt 4000 kr. lán úr viðlagasjóði, er ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% af hinnu upphaflegu lánsupphæð, 4000 kr., eða með 240 kr. alls árlega, og mun láninu verða ávísað til útborgunar úr viðlagasjóði þegar það er sannað með lögmætri sköðunargjörð, sem mjer sje send, að húsið sje fullgert.

- 105** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
 16. sept. vald til að veita verzlunarleyfi. — Í þóknanlegu brjefi frá 22. júlí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að þjer hafið fellt úr gildi fyrst um sinn ályktun sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu frá 16. júlí 1881, er felur oddvita hennar að gefa fjórum Norðmönnum, sem ekki eru nafngreindir, verzlunarleyfi, þremur á Hrísey og einum á Hjalteyri, og leggið þjer jafnframt þenna bráðabyrgðarúrskurð yðar undir fullnaðarúrskurð minn.

Af eptirriti því eptir gjörðabók sýslunefndarinnar, sem fylgdi brjefi yðar, virðist það ljóst, að menn þeir, er hjer er spurning um, hvorki hafi landsnyttjar nje áhöfn á jörðu, og með því að jeg verð að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að það samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879 (A 28) sje skilyrði fyrir að öðlast leyfi til sveitarverzlunar, að hlutaðeigandi sje búandi og að það sje ekki eins og sýslunefndin virðist hafa ætlað, nóg til þess, að fullnægja þessu skilyrði, að hlutaðeigandi hafi «hús löguð til fastrar búsetu árið yfir með dúk og disk og eldstó og íbúð», vil jeg hjer með samkvæmt 37. gr. tilskipunar 4. maí 1872, staðfesta þenna úrskurð yðar.

- 106** — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskólum. —
 16. sept. Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 9. þ. m. samþykktist hjer með að af fje því, sem veitt er með 12. gr. C 7. fjárlaganna til barnaskóla og alþýðuskóla fái barnaskólanefndirnar í Stokkseyrar- Vatnsleysustrandar- og Rosmhvalanesshreppum hver um sig 300 kr. styrk fyrir árið 1881, alls 900 kr. með því skilyrði, að hreppnefndirnar í tjeðum hreppum greiði styrksupphæðir þær, sem þær hafa lofað skólunum. Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

- 107** — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu á jörðinni Skeggjastöðum.
 17. sept. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 15. þ. m. samþykktist hjer með, að jörðin Skeggjastaðir, sem árið 1866, er sjóður Höskuldsstaðakirkju var afhentur, var tekin sem veð eða borgun fyrir 1400 kr. upphæð, sem prestur sá, er frá brauðinu fór, átti að svara til, og sem síðar hefir verið veðsett fyrir 600 kr. láni úr landssjóði, til að endurbygga kirkjuna fyrir — megi, þar sem kirkjan er enn ekki fullgjörð, og sóknarpresturinn er ekki fær um að fullgjöra hana, nema með því að verja til þess miklum hluta kirkjusjóðsins, seljast fyrir upphæð þá, sem að minnsta kosti samsvarar hinum nefndu 1400 kr., svo að kirkjusjóðurinn ekki skerðist neitt við þetta.

Það er vitaskuld, að ekki má selja jörðina, án þess að fullnægja veðkröfu landsjóðsins; en ekkert mun verða því til fyrirstöðu, að kaupandi taki á sig þessa veðskuld,